

**Nr. 008 / 15 Brúarfoss*****Skipverji slasast við fall***

IMO.nr. 8914568  
Fánaríki: Antigua og Barbuda  
Smíðaður: Fredrikshavn, Danmörku, 1992  
Stærð: 7.676 BT  
Mesta lengd: 126,63 m  
Breidd: 20,53 m Dýpt: 10,70 m  
Vél: MAK 8M 552C 5400 kW  
Fjöldi skipverja: 11



Brúarfoss©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Úrdráttur úr leiðarbók  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 10. janúar 2015 var Brúarfoss á siglingu í Atlantshafi frá Bretlandi til Íslands. Veður: NNV 20-25 m/sek.

Á siglingunni sat skipverji á lausum stól við skriftir í herbergi sínu þegar skipið tók djúpa dýfu. Skipverjinn stóð upp úr stólnum og þá kom önnur velta með þeim afleiðingum að hann féll hann aftur fyrir sig á sófaborð. Slasaði meiddist í baki við fallið.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverji sat í stól með bak í bak og á veltunni fór stóllinn af stað. Skipverjinn stóð þá upp og þá kom önnur velta sem kastaði honum á sófaborðið.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til rannsóknar.